

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 215/1997.

Sigurður Ingi Kristinsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

og gagnsök

Opinberir starfsmenn. Niðurlagning stöðu. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1997. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 10.836.062 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1994 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 18. júní 1997. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfunum ásamt því, að málskostnaður falli niður.

I.

Mál þetta varðar starfsemi Vita- og hafnamálastofnunar, sem laut stjórn vita- og hafnamálastjóra og yfirstjórn samgönguráðherra, og var nafn hennar samheiti fyrir Hafnamálastofnun ríkisins og Vitastofnun Íslands. Hafa stofnanir þessar ásamt Siglingamálastofnun ríkisins nú verið sameinaðar í Siglingastofnun Íslands, sbr. lög nr. 6/1996 og nr. 7/1996. Framan af þeim tíma, sem hér skiptir máli, voru stofnanirnar starfræktar á grundvelli hafnalaga nr. 45/1973 og laga nr. 43/1933 um stjórn vitamála og um vitabyggingar. Fyrirnefndu lögin voru síðar leyst af hólmi með hafnalögum nr. 69/1984, sem nú eru úr gildi fallin, en lög nr. 56/1981 um vitamál hafa komið í stað síðarnefndu laganna. Í skipuriti 15. janúar 1987 fyrir stofnanir undir stjórn vita- og hafnamálastjóra greinir frá verkefnum hafnamálastofnunar og vitastofnunar um þær mundir. Kemur þar fram,

að vita- og hafnamálaskrifstofan hafi verið starfrækt sem deild undir stjórn skrifstofustjóra og annast skrifstofuhald fyrir báðar stofnanirnar. Af skipuritinu verður einnig ráðið, að verkefni á sviði hafnamála hafi verið til muna umfangsmeiri en þau, er vörðuðu vitamál.

Þegar aðaláfrýjandi réðst til starfa á skrifstofu vita- og hafnamála 1967, var hann 26 ára að aldri og hafði lokið háskólaprófi í viðskiptafræði ári fyrr. Hann var skipaður í stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar frá og með 1. desember 1975 og gegndi því starfi óslitið fram í októbermánuð 1989, þegar upphaf varð á þeirri atburðarás, sem um er deilt í málinu. Honum var þá falið að annast ýmis verkefni á sviði vitamála, en annar starfsmaður var ráðinn til að sinna hinu venjulega bókhaldi og skrifstofuhaldi fyrir hafnamálastofnun og vitastofnun, sem verið hafði á starfssviði hans. Af hálfu gagnáfrýjanda er litið svo á, að aðaláfrýjandi hafi með þessu verið ráðinn í nýja stöðu skrifstofustjóra Vitastofnunar Íslands, en aðaláfrýjandi kveðst hafa litið á þetta sem breytingu á verkefnum án röskunar á skipun sinni í starf skrifstofustjóra fyrir báðar stofnanirnar, enda hefði hann ekki samþykkt að láta af því starfi. Laun hans og tengd kjör héldust óbreytt.

Skipulagsmál stofnananna voru rædd við aðaláfrýjanda og yfirmann hans á fundum í samgönguráðuneytinu árið 1989, en að fyrrgreindum ráðstöfunum var ekki formlega kveðið með öðrum hætti en þeim, að vita- og hafnamálastjóra var tilkynnt með bréfi ráðuneytisins 3. október 1989, að beiðni hans um leyfi til að flytja stöðuheimild aðaláfrýjanda af fjárlagalið 10–331 (Vita- og hafnamálaskrifstofan) yfir á fjárlagalið 10–332 (Vitastofnun Íslands) væri samþykkt af þess hálfu, og yrði fjárlaga- og hagsýslustofnun og launaskrifstofu ríkisins gert kunnugt um það. Samþykkis ráðninganefndar ríkisins fyrir nýrri stöðu á vegum stofnananna var ekki aflað, sbr. 1. og 6. gr. þágildandi laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og skipunarbréf aðaláfrýjanda frá samgönguráðherra var ekki afturkallað eða því breytt. Hið breytta starfssvið hans var ekki skilgreint með erindisbréfi. Staða skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar var auglýst laus til umsóknar í september 1990 og annar starfsmaður ráðinn til að gegna henni. Honum var ekki veitt skipun í stöðuna,

heldur var gerður við hann ráðningarsamningur, er tók gildi 1. janúar 1991 og leysti af hólmi tímabundinn ráðningarsamning, sem starfsmaðurinn hafði notið á árinu 1990.

Aðaláfrýjandi lét síðan af störfum hjá Vita- og hafnamálastofnun í árslok 1992, eftir að honum hafði verið tilkynnt með bréfi samgönguráðuneytis 28. desember þess árs, að starf skrifstofustjóra vitastofnunar yrði lagt niður frá og með 1. janúar 1993. Honum voru greidd biðlaun út árið 1993 á grundvelli 14. gr. þágildandi laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Að athuguðu því, sem hér hefur verið rakið, verður á það fallist með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, að ósannað sé, að áfrýjandi hafi gengist undir það árið 1989 eða síðar að verða fluttur úr stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar í stöðu skrifstofustjóra Vitastofnunar Íslands og að lögmæt ákvörðun um þann flutning hafi ekki verið tekin. Hafi aðaláfrýjandi enn átt þann rétt til fyrrnefndu stöðunnar, sem skipunarbréf hans sagði til um, þegar honum var gert að láta af störfum. Ber að staðfesta þá niðurstöðu, að hann hafi orðið að sæta óréttmætum stöðumissi, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, og eigi rétt til bóta úr ríkissjóði samkvæmt þeirri lagagrein.

II.

Til stuðnings kröfu sinni um skaðabætur hefur aðaláfrýjandi lagt fram líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 14. maí 1996, þar sem gerð er áætlun um tap aðaláfrýjanda af stöðumissinum tímabilið frá ársbyrjun 1994 til ársloka 2001, en á því ári myndi hann geta hafið töku venjulegs lífeyris samkvæmt svonefndri 95 ára reglu, ef hann hefði haldið starfinu. Er annars vegar miðað við meðaltal af árslaunum aðaláfrýjanda síðustu tvö starfsárin og biðlaunaárið 1993, er nemi 2.337.800 krónum eftir kauplagi á útreikningstíma, en hins vegar við ársmeðaltal þeirra atvinnutekna, er hann hafi aflað á árunum 1994 og 1995, og nemi það 740.600 krónum. Mun þar vera um að ræða tekjur af verkefnum við bókhald og önnur störf. Bótakrafan er miðuð við höfuðstólsverðmæti tapaðra launatekna á fyrrgreindu tímabili að viðbættu 6% framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, samtals 10.836.062 krónur. Ekki þykir unnt

að leggja þann útreikning til grundvallar við ákvörðun bóta, eins og aðstæðum er hér háttað.

Aðaláfrýjandi var á 52. aldursári, þegar hann lét af störfum í árslok 1992. Hann bjó þá að langri starfsreynslu á atvinnusviði, sem menntun hans laut að. Á hinn bóginn verður sú reynsla vart metin þannig, að hún hafi veitt honum mikilsvert forskot á vinnumarkaði fram yfir yngra fólk. Afdrif umsókna hans um önnur störf, sem um ræðir í héraðsdómi, benda ekki til, að svo hafi verið, og sjálfur var hann 34 ára, þegar hann tók við skipun í stöðu sína. Hann hafði ekki fengið annað starf í þjónustu ríkisins, þegar máli þessu var áfrýjað, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, sem við átti í því efni. Ljóst þykir, þegar litið er til allra atvika, að stöðumissirinn hafi orðið honum verulegt áfall.

Með vísan til þessa og annars til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja bætur til aðaláfrýjanda hæfilega ákveðnar 2.400.000 krónur, er gagnáfrýjandi greiði honum með dráttarvöxtum frá þingfestingu málsins í héraði.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og tiltekið er í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, íslenska ríkið, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Inga Kristinssyni, 2.400.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. júní 1996 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 1997.

Ár 1997, mánudag 24. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-3670/1996: Sigurður Ingi Kristinsson gegn samgönguráðherra og fjármálaráðherra.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. júní 1996.

Stefnandi er Sigurður Ingi Kristinsson, kt. 130241-3529, Drápuhlíð 40, Reykjavík.

Stefndi er samgönguráðherra f. h. Vita- og hafnamálastofnunar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum 10.836.062 krónur með dráttarvöxtum skv. l. nr. 35/1987 frá 1. janúar 1994 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 1995. Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefndu dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er gerð krafa um verulega lækkun stefnukröfunnar, og verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik.

Stefnandi, sem er viðskiptafræðingur, réðst til starfa hjá Vita- og hafnamálaskrifstofu árið 1967, og 26. nóvember 1975 var hann skipaður skrifstofustjóri Vita- og hafnamálastofnunar ríkisins. Stefnandi lýsir atvikum svo, að í kjölfar deilna, sem orðið hafi milli sín og vita- og hafnamálastjóra um fyrirkomulag bókhaldsmála stofnunarinnar á árunum 1988 og 1989, hafi vita- og hafnamálastjóri ákveðið um haustið 1989 að gera breytingar á starfssviði stefnanda, taka úr umsjón hans verkefni, sem verið höfðu á starfssviði hans, og fela honum í staðinn önnur og veigaminni verkefni. Virðist sem vita- og hafnamálastjóri og raunar einnig samgönguráðuneytið hafa litið svo á, að með breytingum þessum á verkefnum stefnanda, sem gerðar hafi verið með vísan til 33. gr. þágildandi starfsmannalaga nr. 38/1954 hafi stefnandi verið færður í nýja stöðu, stöðu skrifstofustjóra Vita-stofnunar.

Í kjölfar ítrekaðra beiðna vita- og hafnamálastjóra til samgönguráðherra um að fá að segja stefnanda upp störfum eða leggja stöðu hans niður hafi stefnanda borist bréf samgönguráðuneytisins, dagsett 28. desember, þar sem honum hafi verið tilkynnt sú ákvörðun ráðuneytisins að leggja niður starf það, sem hann gegndi, starf skrifstofustjóra Vitastofnunar, frá og með 1. janúar 1993.

Stefndi ritaði samgönguráðuneytinu bréf, dagsett 30. desember 1992, og lýsti þar þeirri skoðun sinni, að hann gegndi enn þeirri stöðu, sem hann var skipaður til að gegna árið 1975, þ. e. stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar, og óskaði eftir því, að samgönguráðherra tæki af öll tvímæli um, að það væri sú staða, sem verið væri að leggja niður.

Af svarbréfi samgönguráðuneytisins, dagsettu 2. apríl 1992, hafi verið ljóst, að ekki var verið að leggja niður stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar, heldur hafi það verið skilningur ráðuneytisins, að stefnandi

hefði árið 1989 tekið við nýrri stöðu, stöðu skrifstofustjóra Vitastofnunar, og að það væri sú staða, sem verið væri að leggja niður. Þessum skilningi ráðuneytisins hefur stefnandi ávallt mótmælt.

Stefnandi ritaði umboðsmanni Alþingis bréf og kvartaði undan meðferð ráðuneytisins á máli sínu. Umboðsmaður Alþingis skilaði álitinu sínu 12. júlí 1995 og beindi þeim tilmælum til stefnda, samgönguráðherra, að hann tæki mál stefnanda til meðferðar að nýju og gerði ráðstafanir til að rétta hlut hans. Hafi eftir það orðið viðræður milli lögmanns stefnanda og ríkislögmanns, en samningar ekki náðst um fjárhæð bóta, og því leiti stefnandi til dómstóla til að fá úrlausn.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi vísar til þess, að lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi gilt um stöðu sína. Svokölluð niðurlagning stöðu sinnar hafi verið löglaus. Staðan hafi ekki verið lögð niður og verði raunar ekki lögð niður með góðu móti nema því aðeins, að stofnun sú, er hann starfaði hjá, verði lögð niður. Heldur stefnandi því fram, að í raun hafi sér verið sagt upp störfum vegna óánægju yfirmanns síns með störf sín, en sú uppsögn hafi verið dulbúin sem stöðuniðurlagning.

Nefnd stöðuniðurlagning hafi í raun falið í sér uppsögn, en verið sett fram með þessum hætti í þeim tilgangi að komst undan ákvæðum starfsmannalaga um aðferð við uppsögn ríkisstarfsmanns, enda hafi engar forsendur verið til slíkrar uppsagnar.

Stefnandi bendir á, að hann hafi 28. desember 1992 gegnt stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálaskrifstofu og aldrei samþykkt að taka við nýrri stöðu og aldrei verið fluttur í nýja stöðu, svo að löglegt væri. Stefnandi telur, að tilfærsla stöðuheimildar sinnar milli fjárlaganúmera, sem stofnuninni var úthlutað, geti ekki á nokkurn hátt talist fela í sér stöðutilfærslu, enda verði slík stöðutilfærsla aldrei að lögum gerð án samþykkis starfsmanns. Heimild 33. gr. starfsmannalaga til að gera breytingar á störfum starfsmanns feli ekki heldur í sér heimild til þess að flytja starfsmann úr einni stöðu í aðra án hans samþykkis.

Stefnandi miðar við það, að ekki hafi verið gætt réttra forsendna við meðferð máls síns. Brotið hafi verið gegn málsmeðferðarreglum stjórnsýsluréttar. Hann hafi með ólögmatum hætti verið sviptur stöðu, sem hann mátti treysta, að hann gæti gegnt, þar til eitthvert þeirra atriða kæmi til, sem 4. gr. starfsmannalaga tilgreinir, og að þessi ólögmatá málsmeðferð og efniságallar á meðferð máls síns leiði til skaðabótaskyldu stefndu skv. 3. mgr. 11. gr. l. nr. 38/1954.

Stefnandi vísar til laga nr. 38/1954, til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ólögfestra málsmeðferðarreglna stjórnarsýsluréttar.

Kröfugerð stefnanda er reist á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings og er reiknuð út sem höfuðstólsverðmæti tapaðra atvinnutekna 1. janúar 1994 að frádregnum þeim tekjum, sem stefnandi hefur getað aflað sér og muni geta aflað sér frá öðrum, eftir að stefnandi fór af launaskrá Vita- og hafnamálastofnunar 1. janúar 1994 og fram til þess, að hann getur hafið töku lífeyris árið 2001. Alls er þessi fjárhæð 10.222.700 krónur, og við hana bætast síðan 613.362 krónur, sem eru 6% framlag atvinnurekanda til lífeyrissjóðs. Eru þessar fjárhæðir samanlagðar 10.836.062 krónur og eru stefnufjárhæð málsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þegar stefnandi tók við starfi skrifstofustjóra Vitastofnunar í október 1989, hafi verið um raunverulega breytingu á stöðu hans og starfssviði að ræða. Hafi stefnanda verið þetta ljóst og þessi breytta skipan verið ákveðin í samráði við hann og með samþykki hans. Breytingin hafi engin áhrif haft til skerðingar á launakjörum stefnanda eða réttindum hans. Hann hafi gegnt starfi skrifstofustjóra hjá Vitamálastofnun frá október 1989 til ársloka 1992, rúm þrjú ár, og allan þann tíma hafi hann engum mótmælum hreyft við þeim breytingum, sem orðið höfðu á starfi hans, er nú laut að öðrum verkefnum en hið fyrra starf hafði gert. Hafi stefnanda verið jafnframt kunnugt um, að laun hans voru greidd af fjárlagalið Vitastofnunar Íslands, en áður höfðu launin verið greidd af fjárlagalið Vita- og hafnamálaskrifstofunnar.

Annar starfsmaður hafi gegnt starfi skrifstofustjóra Vita- og hafnamálafnunar frá því í október 1989, og var staðan auglýst í Lögbirtingablaðinu í september 1990. Stefnandi hafi ekki sótt um stöðuna né hreyft neinum andmælum við því, að staðan væri auglýst og veitt öðrum, þótt hann segist nú hafa gegnt stöðunni allan tímann.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að staðið hafi verið að stöðubreytingu stefnanda í samræmi við 33. gr., sbr. 5. tl. 4. gr. laga nr. 38/1954, og uppgjöri við stefnanda verið hagað í samræmi við 14. gr. sömu laga, þegar staðan, sem stefnandi gegndi, var lögð niður í árslok 1992.

Um varakröfu segir, að forsendum þeim, sem miðað sé við um fjárhæð bótakröfu, sé mótmælt. Ekki standist að miða ætlað tjón stefnanda við óskert laun til löglegs eftirlaunaaldurs, og ósannað og óraunhæft sé, að stefnandi hafi ekki átt kost á og muni ekki eiga kost á að afla sér atvinnutekna umfram það, sem hann virðist hafa gert á árunum 1994 og 1995. Þá er upphafsdegi dráttarvaxta í kröfugerð stefnanda mótmælt sérstaklega.

Niðurstaða.

Af hálfu stefndu er það borið fyrir sig, að eftir fund í samgönguráðuneytinu og með samþykki stefnanda sjálfs hafi hann verið fluttur úr starfi skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar í stöðu skrifstofustjóra Vita-stofnunar, og er bent á bréf samgönguráðuneytisins 3. október þessu til stuðnings. Skilja verður efni bréfs þessa svo, að með því væri heimilað, að launagreiðslur til skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar yrðu fluttar af fjárlagalið 10–331 á fjárlagalið 10–332. Sú ákvörðun ein og sér gat ekki falið í sér flutning stefnanda úr einni stöðu í aðra, enda hvergi á það minnst í bréfinu, að um slíkan flutning stefnanda væri að ræða. Þá verður að líta til þess, að stjórnvaldsákvörðun, sem felur í sér skipun, setningu eða ráðningu ríkisstarfsmanns, verður samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnsýsluréttar að vera ákveðin og skýr, en því skilyrði er engan veginn fullnægt hér. Þá er til þess að líta, að ekki nýtur við í máli þessu gagna um nefndan fund, svo sem eins og minnisblaðs eða bókunar um, að samþykki stefnanda hafi legið fyrir. Enn síður er sýnt fram á, að stefnanda hafi verið veitt val um það, hvort hann tæki því að verða færður í aðra stöðu eða láta af stöðu sinni og hefja töku lífeyris, og verður ekki séð, að þess hafi verið gætt að taka tillit til réttar stefnanda, sem leiðir af ákvæði 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrár. Verður þannig að fallast á það með stefnanda, að aldrei hafi verið tekin lögmat og bindandi ákvörðun um að flytja hann í starf skrifstofustjóra Vitastofnunar og að ósannað sé, að hann hafi gengist undir það að verða fluttur í stöðu þessa.

Stefnandi var skipaður í stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar 26. nóvember 1975. Svo sem að framan greinir, er fallist á þá málsástæðu hans, að hann hafi ekki verið fluttur í stöðu þá, sem lögð var niður skv. ákvörðun samgönguráðuneytisins 28. desember 1992. Enda þótt staða skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar hafi verið auglýst í september 1990 og stefnandi ekki sótt um hana né hreyft andmælum við því, að staðan væri auglýst og veitt öðrum, verður það ekki metið sem samþykki hans við því, að hann gegndi ekki lengur þeirri stöðu, heldur er fallist á það með stefnda, að hann hafi gegnt stöðu þeirri, er hann var skipaður í 1975, allt þar til hann lét af störfum um áramót 1992–3, en ekki hefur verið sýnt fram á, að nein þau atriði, er greinir í 1.–7. tl. 4. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, eigi við hér.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða málsins, að stefnanda hafi með ólögmatum hætti verið gert að hætta störfum 1. janúar 1993 og stöðumissir hans því óréttmætur. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, sem í gildi var, er atvik máls þessa urðu, ber ríkissjóður bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á tjóni því, er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna stöðumissisins.

Við ákvörðun bóta þykir mega líta til þess, að stefnandi var 52 ára, er hann missti stöðu sína, og hafði unnið rúm 25 ár við Vita- og hafnamálastofnun. Þá hefur stefnandi lagt fram 33 bréf frá opinberum stofnunum, þar sem umsóknum hans um störf hefur verið hafnað þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Pegar lítið er til þessa svo og nokkur hliðsjón höfð af tjónsútreikningi tryggingafræðings annars vegar og hins vegar þess, að ætla verður, að stefnandi muni hafa atvinnutekjur og hafi raunar haft þær, frá því að hann lét af starfi sínu hjá Vita- og hafnamálastofnun, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna með dráttarvöxtum frá þingfestingardegi, sem var 27. júní 1996.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 400.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

D ó m s o r ð:

Stefndu, samgönguráðherra f. h. Vita- og hafnamálastofnunar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Inga Kristinssyni, 2.000.000 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. júní 1996 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.
